

8
26. jan.

Samningur um strandferðir 1916.

Með því að eigi hefir verið unnt að útvega leiguskip til strandferða hjer við land með aðgengilegum kjörum, eins og alþingi 1915 gjörði ráð fyrir (sbr. Alpt. 1915, A. þgskj. 561 og fylgiskjal VI. a og b), þá hefir h.f. Eimskipafjelag Íslands, samkvæmt tilmælum stjórnarráðs Íslands, gengið að því að breyta ferðaáætlun skipa sinna »Gullfoss« og »Godafoss« fyrir yfirstandandi ár, í þá átt, að fjölga svo viðkomustöðum og bæta svo samgöngurnar milli hinna ýmsu landshluta, sem unt varð með þessum tveim skipum. Samkvæmt þessu hafa stjórnarráð Íslands og h.f. Eimskipafjelag Íslands gjört svofeldan samning:

1. gr.

H.f. Eimskipafjelag Íslands skuldbindur sig til þess að halda uppi ferðum við strendur Íslands til loka þessa árs með skipunum »Gullfoss« og »Godafoss« samkvæmt viðfestri ferðaáætlun, sem gildir frá þessum degi.

2. gr.

Farmgjöld og fargjöld innanlands mega ekki vera hærri en talin eru á viðfestum gjaldskrár fjelagsins. Heimilt er fjelaginu að taka umhleðslugjald, 3 til 5 kr. fyrir hverja smálest af vörum, sem fluttar eru milli skipanna eða í þau úr öðrum skipum, og skal umhleðslugjaldið sett meðfram með hliðsjón af því, hvort vörur eru fluttar úr skipi beint í skip eða flytja þarf þær í land.

3. gr.

Fjelaginu er skylt að flytja póstflutning innanlands án sjerstakrar borgunar. Hann skal geyma vandlega á góðum, þurrum stað, nema brjefakassann, hann skal látinn vera þar, sem allir geta að honum komist. Skipin eru ekki skyld að flytja verðpóst nema í innsigliðum pokum og því ekki einstakar verðeða ábyrgðarsendingar. Farist skip eða hlekkist því á, skal reyna að bjarga póstflutningnum svo vel sem framast er kostur á, og flytja hann til næsta pósthúss. Þurfi maður að fylgja póstflutningi á skipunum, sökum þess hve mikill hann er, eða verðmætur, fær hann ókeypis far bæði fram og aftur, en sjálfur verður hann að sjá sjer fyrir fæði. Póstflutning skal afhenda til skips og frá því, samkvæmt skrá og gegn kvittun skipstjóra og hlutaðeigandi póstembættismanns. Sýni viðtakandi að póstflutningurinn sje ekki samkvæmt skránni, er afhendanda skylt að rita undir athugasemd þar að lútandi. Þegar eftir komu skips skal flytja póstflutning úr skipi, hvort sem það liggur við land eða fyrir atkerum á sjó úti til næsta pósthúss, og skal fjelagið bera kostnaðinn af flutningnum. Sömu reglum skal fylgja um póstflutning á skip út.

Fjelagið skuldbindur sig til að sjá um, að enginn skipverja eða nokkur maður annar flytji með sjer muni, sem skylt er að flytja með pósti. Sá skal vera skiprækur, er slikt verður uppvíst um, og greiði þar að auki lögboðna sekt.

Þó er skipstjóra vítalaut að flytja brjef um málefni skipsins frá útgjörðarmönnum þess til afgreiðslumanna og þeirra í milli.

8

26. jan.

4. gr.

Nú fellur ferð niður eða vikja verður frá ferðaáætluninni, enda sanni fjelagið, að því valdi is eða önnur óviðráðanleg atvik, þar á meðal ófriðurinn, og skal þá eigi draga neitt frá styrk þeim, sem um ræðir í 5. gr.

Ef skipreika ber að höndum eða ferðir annarshvors skipsins eða beggja leggjast alveg niður af orsökum þeim, sem í 1. málsg. þessarar greinar getur, greiðist styrkurinn hlutfallslega til þess tíma, er skipreikinn átti sjer stað eða ferðirnar fjellu niður.

Ef annarshvors eða beggja þeirra skipa, er í 1. gr. getur, missir við, skal fjelagið útvega skip í þeirra stað, ef þess er nokkur kostur með kjörum, sem fjelagið og landsstjórnin telur aðgengilegt.

5. gr.

Fyrir að halda uppi ferðum þeim hjer við land, sem ræðir um í samningi þessum, fær fjelagið styrk úr landssjóði að upphæð krónur 73,325,00, sjötíu og þrjú þúsund þrjú hundruð tuttugu og fimm krónur — sem greiðist fjelaginu í fjórum jöfnum afborgunum og skulu þær greiddar 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 31. desember þ. á.

Að sjálfsögðu stendur óhaggaður styrkur sá, sem fjelaginu er veittur í fjárlögunum fyrir 1916 og 1917, 13. gr. C. II.

6. gr.

Stjórnarnáðið heitir því, að láta fjelagið sitja fyrir kaupum á kolum þeim, er landssjóður á nú í Reykjavík, altað 1100 tons, og skal stjórnarráðið því gjöra fjelaginu viðvart áður en kolin verða seld ef eigi verður nægilegt eftir af birgðunum eftir hverja sölu til að fullnægja framannefndum forkaupsrjetti Eimskipafjelags Íslands. Verðið skal vera eigi hærra en stjórnarráðið selur öðrum á sama tíma kol sömu tegundar, þó eigi hærra en 60 — sextíu — krónur tonnið.

7. gr.

Samningur þessi hefir engin áhrif á gildi samningsins milli landsstjórnarinnar og fjelagsins, dags. 4. febr. 1914 (Lögb.bl. 1914, nr. 6).

Samningur þessi er gjörður í tveimur samhljóða frumritum og heldur hvor samningsaðila sínu eintaki.

Reykjavík, 26. janúar 1916.

Stjórnarráð Íslands.
Einar Arnórsson.

Stjórn Eimskipafjelags Íslands.
Sveinn Björnsson,
formaður.
Ól. Johnson,
O. Friðgeirsson,
Jón Gunnarsson,
Halldór Danielsson,
Eggert Claessen,
Gardar Gíslason.

Jón Hermannsson.